

Forseti Alþingis
annars vegar
og
Félag starfsmanna Alþingis, Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar og
Starfsmannafélag umboðsmanns Alþingis
hins vegar
gera með sér eftirfarandi
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila, framlengist frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja samkomulagi þessu:

1.4.2024	3,25% eða 23.750 kr.
1.4.2025	3,50% eða 23.750 kr.
1.4.2026	3,50% eða 23.750 kr.
1.4.2027	3,50% eða 23.750 kr.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	106.000 kr.
Á árinu 2025	110.000 kr.
Á árinu 2026	114.000 kr.
Á árinu 2027	118.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	81.000 kr.
Á árinu 2025	84.000 kr.
Á árinu 2026	86.000 kr.
Á árinu 2027	89.000 kr.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like HEB, AD, SS, JHJ, IBG, SRB, HE, ORR, and others.

4. gr.

Betri vinnutími

Með samkomulagi þessu fellur fylgiskjal 1 um betri vinnutíma á brott þann 31. desember 2024. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á miðlægum kjarasamningi, frá 1. janúar 2025:

Grein 1.1.2 breytist og verður svohljóðandi:

- 1.1.2 Brot úr mánaðarlaunum reiknast þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

Grein 1.4.1 breytist og verður svohljóðandi:

- 1.4.1 Tímakaup í dagvinnu er 0,632% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki og þrepi.

Grein 1.5.1 breytist og verður svohljóðandi:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).

Föst yfirvinna sem er merkt sem slík í launakerfinu verði greidd sem yfirvinna 2.

Greinar 1.6.1 og 1.6.2 breytast og verða svohljóðandi:

- 1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga

55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga

55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga

75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga

120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

UPR Jón IBG
HE HED
SS JHJ SK
JTB HE
HE
JTB

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga
45,00%	kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
33,33%	kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

Grein 2.1.1. breytist og verður svohljóðandi:

2.1.1 Vinnuvika starfsmanna í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir.

Grein 2.3.2 breytist og verður svohljóðandi:

2.3.2 Öll vinna sem unnin er á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2, greiðist sem yfirvinna skv. gr. 1.5 nema vinnan falli undir gr. 2.6.7.

Ný grein 2.3.3 skilgreinir yfirheiti á gr. 2.3.3.1 og gr. 2.3.3.2 sem haldast óbreyttar:

2.3.3 Útköll

Grein 2.3.6 breytist og verður svohljóðandi:

2.3.6 Reglubundin vinna dagvinnumanna innan dagvinnumarka, í einn mánuð eða lengur, allt að vinnuskyldu miðað við fullt starf, greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum enda hafi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst. Það sama gildir um reglubundna vinnu vaktavinnnumanna, að uppfylltum sömu skilyrðum, óháð því hvenær sólarhrings sú vinna fer fram.

Því er beint til stofnana að setja sér nánari reglur varðandi yfirvinnu og hvenær sé rétt að ræða endurskoðun á starfshlutfalli enda sé yfirvinna reglubundin eða fyrirséð.

Grein 2.5.2 breytist og verður svohljóðandi:

2.5.2 Starfsmaður á rétt á fríi í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 72 mínútna frí jafngildir 120% vaktaálagi og 99 mínútna frí jafngildir 165% vaktaálagi.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "GPR", "SK", "SRB", "HE", and "JH".

Undirkaflí 2.6 um vaktavinnu breytist og verður svo hljóðandi:

2.6 Vaktavinna

- 2.6.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vöktum, skulu fá álag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils skv. gr. 2.2.1.

Ef skipulagður vinnutími starfsmanns er að jafnaði 20% eða meira utan dagvinnumarka telst hann vaktavinnumaður.

- 2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá, sem sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, sex vikum áður en hún tekur gildi. Endanleg vaktskrá skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

Krefjast starfsemi stofnunar breytingar á vaktskrá skal hún gerð með samþykki starfsmanns. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt breytingargjald sem nemur 2% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

- 2.6.3 Við samningu vaktskrár skal þess gætt að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.
- 2.6.4 Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 - 10 klst. Heimilt er, sbr. gr. 2.1.2, að semja um aðra tímalengd vakta.
- 2.6.5 Þar sem nauðsyn er á samvistartíma við vaktaskipti, skal fella hann inn í hinn reglulega vinnutíma.
- 2.6.6 Skipulagi vaktavinnu skal haga þannig að starfsmenn fái að jafnaði tvo samfellda frídaga í viku.
- 2.6.7 Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Vinnuskylda vaktavinnufólks lækkar því um 7,2 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga, skv. gr. 2.1.4.2, sem falla á mánudag til föstudags að undanskildum aðfangadegi og gamlársdegi sem skal vera 3,6 klukkustundir fyrir hvorn dag miðað við fullt starf. Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna sérstakra frídaga innan tímabils vaktskrár. Óski starfsmaður eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomandi vegna starfsemi stofnunar. Í þeim tilvikum þar sem vinnuskil vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga flytjast á milli mánaða skal halda utan um það og starfsfólk upplýst reglulega. Vinna sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1.

Með reglubundnum vöktum er átt við vaktir sem skipulagðar eru alla daga að meðtöldum sérstökum frídögum og stórhátíðardögum. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er lokuð á sérstökum frídegi eða stórhátíðardegi fær starfsmaður sem á vakt þann dag skv. skipulagðri vaktskrá frí sem vaktinni nemur í stað lækkunar vinnuskyldu og að teknu tilliti til lengdar vakta.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including "672", "H3", "H4", "H5", "H6", "H7", "H8", "H9", "H10", "H11", "H12", "H13", "H14", "H15", "H16", "H17", "H18", "H19", "H20", "H21", "H22", "H23", "H24", "H25", "H26", "H27", "H28", "H29", "H30", "H31", "H32", "H33", "H34", "H35", "H36", "H37", "H38", "H39", "H40", "H41", "H42", "H43", "H44", "H45", "H46", "H47", "H48", "H49", "H50", "H51", "H52", "H53", "H54", "H55", "H56", "H57", "H58", "H59", "H60", "H61", "H62", "H63", "H64", "H65", "H66", "H67", "H68", "H69", "H70", "H71", "H72", "H73", "H74", "H75", "H76", "H77", "H78", "H79", "H80", "H81", "H82", "H83", "H84", "H85", "H86", "H87", "H88", "H89", "H90", "H91", "H92", "H93", "H94", "H95", "H96", "H97", "H98", "H99", "H100".

2.6.8 Vægi vinnuskyldustunda vaktavinnufólks

Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarka skv. skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 33,33% og 55% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 63 mínútur. Vinnustundir sem greiddar eru með 65% og 75% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,2 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 72 mínútur. Þrátt fyrir framangreint skulu vinnuskil starfsmanns í fullu starfi aldrei fara undir 32 vinnustundir á viku að jafnaði (að meðaltali á launatímabili) og hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 120% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 á tímabilinu 08:00-24:00 og vægið 1,2 á tímabilinu 00:00-08:00. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 165% vaktaálagi hafa vægið 1,20.

2.6.9 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti. Vaktahvati greiðist sem hlutfall greiddra mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á þremur síðustu uppgjörstímabilum samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á því tímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 126 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 45 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar að meðaltali á uppgjörstímabili til þess að njóta vaktahvata.

Þegar starfsfólk hefur störf reiknast vaktahvati fyrir eitt uppgjörstímabil á fyrsta og öðrum mánuði í starfi þannig að lágmarksfjöldi stunda utan dagvinnumarka eru 42 og lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta eru 15. Eftir þrjá mánuði í starfi reiknast vaktahvati skv. 1. mgr. Það sama á við þegar samið er um breytingar á starfshlutfalli sem nema 40% eða meira til hækkunar eða lækkunar.

Hlutfall vaktahvata miðast við eftirfarandi töflu:

FJÖLDI VAKTA	TEGUNDIR VAKTA			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	12,5%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

Vaktahvati reiknast miðað við þrjú síðustu uppgjörstímabil. Með uppgjörstímabili er átt við uppgjörstímabil breytilegra launa á starfsstaðnum. Vaktahvati greiddur 1. apríl miðast því við uppgjörstímabil til greiðslu í útborgun launa 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl og vaktahvati greiddur 1. maí við launatímabil til greiðslu 1. mars, 1. apríl og 1. maí.

- 2.6.10 Starfsmenn sem vinna reglubundna vaktavinnu, skulu undanþegnir næturvöktum ef þeir óska er þeir hafa náð 55 ára aldri.

Kaflí 3 breytist og verður svohljóðandi:

3 Hlé frá vinnu, fæði og matstofa

3.1 Hlé frá vinnu

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HES", "JHJ", "CAR", "HE", "SK", and "SA".

- 3.1.1 Starfsmönnum er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður við komið starfsins vegna og slík hlé eru hluti af virkum vinnutíma.
- 3.1.2 Heimilt er með samkomulagi stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar að ákvarða dagleg hlé sem eru á forræði starfsmanna. Ákvörðuð lengd þeirra lengir daglega viðveru starfsmanna samsvarandi enda teljast slík hlé ekki til virks vinnutíma.

Á þeim stofnunum þar sem hlé eru ákvörðuð með slíku samkomulagi og unnið er í hléinu að beiðni yfirmanns er greitt fyrir það með yfirvinnukaupi.

Þeir einstaklingar og/eða starfahópar sem fyrir gildistöku þessa samnings fengu að jafnaði reglubundið greiðslur skv. gr. 3.2. í eldri samning, skulu halda sambærilegum greiðslum sbr. bókun 2.

3.2 Fæði og mótuneyti

- 3.2.1 Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað, skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.
- 3.2.2 Á þeim vinnustöðum þar sem ekki er starfrækt mótuneyti, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mótuneyti á vegum vinnuveitanda, eða látinn í té útbúnaður til að flytja matinn á matstofu vinnustaðar þannig að starfsmönnum sé flutningur matarins að kostnaðarlausu.
- 3.2.3 Ef stofnunin kaupir mat hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.2.2, skulu starfsmenn greiða fyrir sambærilegan mat upphæð er svarar til meðaltalsverðs er starfsmenn greiða í mótuneyti Stjórnarráðsins.
- 3.2.4 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.2.1 eða er á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 638 kr. enda sé dagleg vinnuskylda starfsmanns 6 klukkustundir eða lengri.
- 3.2.5 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maí mánaðar 2024 sem grunnvísitölu (236,6 stig) miðað við undirvísitölur frá 2008.
- 3.2.6 Þar sem mótuneyti eru á vinnustöðum, skulu starfsmenn sem kaupa þar fæði, tilnefna 2 trúnaðarmenn úr sínum hópi til þess að fylgjast með rekstri mótuneytisins og eiga aðgang að reikningum þess.

Grein 4.1.1 breytist og verður svohljóðandi:

- 4.1.1 Orlof skal vera 30 dagar (216 stundir miðað við 36 virkar vinnustundir á viku) miðað við fullt starf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfshlutfall og starfstíma starfsmanns.

Grein 12.2.6 og 12.2.7 breytast og verða svohljóðandi:

- 12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vaktahvata, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu

Handwritten signatures and initials:
 GPZ, TBG, SK, ACJ, HES, SJS, SRS, HE, and others.

starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi.

- 12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda og breytingargjalda skv. gr. 2.6.2 sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.

Grein 12.8.1 breytist og verður svohljóðandi:

- 12.8.1 Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (86,4 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

5. gr.

Meðgönguvernd og tæknifrjóvgun

Grein 13.3 verður svohljóðandi:

13.3 Meðgönguvernd og tæknifrjóvgun

- 13.3.1 Barnshafandi eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna meðgönguverndar og skulu halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns), þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.
- 13.3.2 Þeir starfsmenn sem þurfa að vera fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga. Starfsmaður skal skila vottorði frá viðkomandi lækni.

6. gr.

Frí í stað yfirvinnu

Grein 2.3.8 breytist og verður svohljóðandi:

- 2.3.8 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

Ef samkomulag er á milli aðila má einnig veita 1,62 klst. í frí í dagvinnu fyrir hvern yfirvinnutíma og fellur þá greiðsla yfirvinnukaups niður enda kemur hún í stað unninnar yfirvinnustundar.

Talan 1,62 er fundin með því að margfalda 156 stundir miðað við meðalmánuð (m.v. vikulega vinnuskyldu sem er 36 virkar vinnustundir) með reiknistuðli yfirvinnu 2 sem er 1,0385%.

for
SK
HES
JHJ
HE
SPB
401
CP2
IBG
401

7. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum aðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjöllum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 16. desember skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 11. desember 2024.

f.h. forseta Alþingis
með fyrirvara um samþykki

Autur E. Varsdóttir
Sagga Steinþóðóttir
Hildur Þ. Sig
Jarpráður Hanna Loh
Sambora Gunnarsdóttir

f.h. Félags starfsmanna Alþingis
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Sigrún Rísa Björnsdóttir
Hildur Edwald

f.h. Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Sigrún Rísa Björnsdóttir
Sigrún Rísa Björnsdóttir
Hildur Edwald

f.h. Starfsmannafélags umboðsmanns Alþingis
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Ísak Björgvin Gylfason
Hildur Edwald

Bókanir með samkomulagi
Forseta Alþingis
og
Félags starfsmanna Alþingis, Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar og
Starfsmannafélag umboðsmanns Alþingis

Bókun 1
Framvinda bókana og samræmi

Samningaðilar vísa hér almennt til bókana í þegar samþykktum samningum milli fjármála- og efnahagsráðherra og aðildarféлага BHM og gera með sér sérstakt samkomulag sem felur í sér að samningsaðilar fylgja með framvindu bókana, m.a. um betri vinnutíma og virkar vinnustundir, ræði niðurstöður þeirra og meti hvort þær kalli á breytingar á kjarasamningi samningsaðila.

Bókun 2
Vegna vakta og viðverukerfa

Í samræmi við 57. gr. a. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sbr. lög nr. 58/2023, leggja samningsaðilar áherslu á samræmda skráningu vinnutíma starfsfólks sem tryggir yfirsýn yfir daglegan og vikulegan vinnutíma.

Mikilvægt er að vakta- og viðverukerfi ríkisins taki mið af ólíkri starfsemi og þörfum stofnana, ólíkum störfum og vinnutímafyrirkomulagi starfsfólks og að kerfin séu notendavæn. Við skipulagningu vakta þarf að stuðla að betri vinnutíma, tryggja þarfir starfseminnar og jafnræði innan starfsmannahópsins ásamt því að tekið sé tillit til óska starfsfólks ef því verður við komið starfseminnar vegna. Tryggja skal fyrirsjáanleika, öryggi og heilsu starfsfólks til að stuðla að jafnvægi vinnu og einkalífs. Aðilar eru sammála um að samhliða innleiðingu nýrra vakta- og viðverukerfa, sem unnið er að verði farið í fræðsluáttak varðandi notkun og nýtingu kerfanna.

Bókun 3
Virkar vinnustundir og nýleg dómaframkvæmd

Í flestum kjarasamningum sem undirritaðir voru veturinn 2019–2020 var kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku.

Meginmarkmið breytinganna var að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana, bæta vinnustaðamenningu og auka samræmi á milli vinnu og einkalífs án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Frá og með 1. janúar 2025 er verið að innleiða styttri vinnutíma í miðlægan kjarasamning og þar með fella á brott fylgiskjöl um betri vinnutíma.

Með breytingu á ákvæði 2.1.1 er vinnuvika starfsmanna í fullu starfi 36 virkar vinnustundir. Með orðinu „virkar“ er verið að ná utan um tíma þar sem starfsmaður er við störf þ.e. þann tíma sem ekki er á forræði starfsmanna.

Nýleg dómaframkvæmd, sem launagreiðendur eru bundnir af, í tengslum við vinnuvernd og túlkun á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er alls ótengd framangreindri innleiðingu á betri vinnutíma. Í því samhengi eru aðilar sammála um að í

skilningi vinnuverndar er einungis stuðst við hugtökin vinnutími eða hvíldartími sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 52/2023.

Þrátt fyrir að dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 52/2023 fjalli ekki um greiðsluskyldu hafa opinberir launagreiðendur gefið það út að tími starfsfólks sem varið er í ferðir, til annars áfangastaðar en fastrar eða hefðbundinnar starfsstöðvar, í því skyni að inna af hendi störf eða skyldur á öðrum stað, að kröfu vinnuveitanda, skuli greiddur líkt og annar vinnutími sem starfsmaður er við störf.

Bókun 4

Önnur laun

Í heimildarákvæði í grein 1.1.3 er mælt fyrir um að auk mánaðarlauna sé heimilt að greiða svokölluð önnur laun. Önnur laun eru til komin vegna starfstengdra þátta svo sem vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma og kann að koma í stað yfirvinnukaups skv. gr. 1.5.

Hinu nýja heimildarákvæði er m.a. ætlað að styðja við þær breytingar sem leiða af betra skipulagi vinnutíma. Önnur laun taka ekki sjálfkrafa breytingum og með því er hvatt til samtals á milli starfsmanna og stjórnenda. Af því leiðir að önnur laun kunna að vera breytileg frá einum tíma til annars þar sem forsendur að þeim geta tekið breytingum að efni og umfangi.

Þrátt fyrir ofangreint eru aðilar sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 hækkun um 3,25% þann 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 3,5% 1. apríl 2026 og 3,5% 1. apríl 2027.

Bókun 5

Launatafla

Aðilar eru sammála um að í stað tveggja samhljóða launataflna, nr. 715 og 716, sem notuð hefur verið þá muni ein tafla gilda fyrir öll félögin frá gildistöku nýrrar launatöflu samkvæmt samkomulagi þessu. Samhljóða verði launaflokkanúmer lagfærð samkvæmt meðfylgjandi vörpunartöflu. Grunnroðun samkvæmt gildandi stofnanasamningum verður varpað til samræmis þar til þeir hafa verið endurskoðaðir.

Bókun 6

Launatöfluauki

Í viðauka með kjarasamningi þessum er samið um launatöfluauka fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028. Þar sem Félag starfsmanna Alþingis, Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar og Starfsmannafélag umboðsmanns Alþingis eru ekki hluti af heildarsamtökum og ekki er til sérstök mæling fyrir þau á launavísitölu þá eru aðilar sammála um að launatöfluauki, komi hann til framkvæmda samkvæmt forsendum viðaukans, verði sá sami og hjá BHM, eftir því sem við á, á samningstímabilinu.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "HES", "AT", "SS", "JHJ", "SRB", "HE", "SK", "SU", "IB", and "VIR".

Bókun 7

Starfsfólk Mannréttindastofnunar Íslands

Samkvæmt 5. gr. laga um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024, gerir forseti Alþingis kjarasamning við starfsfólk Mannréttindastofnunar Íslands sem tekur til starfa 1. maí 2025 skv. 11. gr. laganna. Þar til tekin hefur verið ákvörðun um hvort starfsfólk stofnunarinnar stofnar sjálfstætt stéttarfélag þá er starfsfólki heimilt skv. bókun þessari að ganga í Félag starfsmanna Alþingis. Kjarasamningur Félags starfsmanna Alþingis og forseta Alþingis gildir þá um starfsfólk stofnunarinnar eftir því sem við á.

Bókun 8

Samningsforsendur

Verði kjarabætur í samningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins á samningstímabilinu umfram þær sem um er samið í samkomulagi þessu skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti og að hvaða marki slík breyting taki gildi gagnvart samkomulagi aðila. Viðræður skulu hafnar innan þriggja mánaða frá samþykkt þess samnings.

Bókun 9

Útgáfa heildarkjarasamnings

Aðilar eru sammála um að gefa út nýjan heildarkjarasamning. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 31. maí 2025 og skal samhliða gera viðeigandi breytingar á orðalagi þannig að það nái betur til alls félagsfólks.

ACJ HES SS JH1 IBG
SRS OK HE gult
GPR

Fylgiskjal 1

Vörpunartafla

Launaflokkur samkvæmt eldri launatöflu sem gildi frá 1. apríl 2023	Vörpun í launaflokka samkvæmt nýjum launatöflum sem gilda frá 1. apríl 2024
8	1
9	2
10	3
11	4
12	5
13	6
14	7
15	8
16	9
17	9
18	10
19	11
20	12
21	13
22	14
23	15
24	16
25	17
26	18
27	19
28	20
29	21
30	22
31	23
32	24
33	25
34	26
35	27
36	28
37	29

OK
HAR
HES
SSJHJ
HE
HE

Launatöflur sem gilda á samningstímanum

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	449.734	460.977	472.221	483.464	494.708	505.951	517.194	528.438	539.681
2	465.220	476.850	488.481	500.111	511.742	523.372	535.003	546.633	558.264
3	481.428	493.464	505.500	517.535	529.571	541.607	553.642	565.678	577.714
4	498.398	510.858	523.318	535.778	548.238	560.698	573.157	585.617	598.077
5	516.097	529.000	541.902	554.805	567.707	580.610	593.512	606.414	619.317
6	535.217	548.598	561.978	575.359	588.739	602.120	615.500	628.881	642.261
7	555.293	569.175	583.058	596.940	610.822	624.705	638.587	652.469	666.352
8	576.373	590.783	605.192	619.601	634.011	648.420	662.829	677.239	691.648
9	594.549	609.413	624.277	639.140	654.004	668.868	683.732	698.595	713.459
10	617.352	632.786	648.220	663.654	679.087	694.521	709.955	725.389	740.823
11	641.342	657.376	673.409	689.443	705.476	721.510	737.544	753.577	769.611
12	666.138	682.791	699.445	716.098	732.752	749.405	766.058	782.712	799.365
13	692.898	710.221	727.543	744.866	762.188	779.511	796.833	814.156	831.478
14	724.388	742.498	760.608	778.717	796.827	814.937	833.046	851.156	869.266
15	759.077	778.054	797.031	816.008	834.985	853.962	872.938	891.915	910.892
16	796.581	816.495	836.410	856.324	876.239	896.153	916.068	935.982	955.897
17	835.795	856.690	877.584	898.479	919.374	940.269	961.164	982.059	1.002.954
18	876.974	898.899	920.823	942.747	964.672	986.596	1.008.520	1.030.445	1.052.369
19	920.298	943.306	966.313	989.321	1.012.328	1.035.336	1.058.343	1.081.351	1.104.358
20	965.874	990.021	1.014.168	1.038.315	1.062.461	1.086.608	1.110.755	1.134.902	1.159.049
21	1.013.030	1.038.356	1.063.681	1.089.007	1.114.333	1.139.659	1.164.984	1.190.310	1.215.636
22	1.060.927	1.087.450	1.113.973	1.140.496	1.167.019	1.193.543	1.220.066	1.246.589	1.273.112
23	1.110.243	1.137.999	1.165.755	1.193.511	1.221.267	1.249.023	1.276.779	1.304.535	1.332.291
24	1.161.915	1.190.963	1.220.011	1.249.059	1.278.107	1.307.155	1.336.203	1.365.250	1.394.298
25	1.216.172	1.246.576	1.276.981	1.307.385	1.337.789	1.368.194	1.398.598	1.429.002	1.459.406
26	1.273.141	1.304.969	1.336.798	1.368.626	1.400.455	1.432.283	1.464.112	1.495.941	1.527.769
27	1.332.958	1.366.282	1.399.606	1.432.930	1.466.254	1.499.578	1.532.902	1.566.226	1.599.550
28	1.395.766	1.430.660	1.465.554	1.500.448	1.535.342	1.570.237	1.605.131	1.640.025	1.674.919
29	1.461.714	1.498.257	1.534.800	1.571.343	1.607.886	1.644.428	1.680.971	1.717.514	1.754.057

Handwritten notes on a lined notebook page:

- SK
- WIR
- ACI
- SS
- IBG
- IES
- JHI
- SRB
- He
- h
- h

Launatafla (716) gildir frá 1. apríl 2025

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	473.484	485.321	497.158	508.995	520.833	532.670	544.507	556.344	568.181
2	488.970	501.194	513.418	525.642	537.867	550.091	562.315	574.539	586.764
3	505.178	517.808	530.437	543.067	555.696	568.325	580.955	593.584	606.214
4	522.148	535.202	548.255	561.309	574.363	587.416	600.470	613.524	626.577
5	539.847	553.344	566.840	580.336	593.832	607.328	620.824	634.321	647.817
6	558.967	572.942	586.916	600.890	614.864	628.838	642.813	656.787	670.761
7	579.043	593.519	607.995	622.471	636.947	651.423	665.900	680.376	694.852
8	600.123	615.127	630.130	645.133	660.136	675.139	690.142	705.145	720.148
9	618.299	633.757	649.214	664.672	680.129	695.587	711.044	726.502	741.959
10	641.102	657.130	673.157	689.185	705.212	721.240	737.268	753.295	769.323
11	665.092	681.720	698.347	714.974	731.601	748.229	764.856	781.483	798.111
12	689.888	707.135	724.382	741.629	758.877	776.124	793.371	810.618	827.865
13	717.150	735.079	753.007	770.936	788.865	806.794	824.722	842.651	860.580
14	749.742	768.485	787.229	805.972	824.716	843.459	862.203	880.947	899.690
15	785.645	805.286	824.927	844.568	864.209	883.850	903.491	923.132	942.774
16	824.461	845.073	865.684	886.296	906.907	927.519	948.130	968.742	989.353
17	865.047	886.674	908.300	929.926	951.552	973.178	994.805	1.016.431	1.038.057
18	907.668	930.360	953.052	975.743	998.435	1.021.127	1.043.819	1.066.510	1.089.202
19	952.509	976.321	1.000.134	1.023.947	1.047.760	1.071.572	1.095.385	1.119.198	1.143.011
20	999.680	1.024.672	1.049.664	1.074.656	1.099.648	1.124.640	1.149.632	1.174.624	1.199.616
21	1.048.486	1.074.698	1.100.910	1.127.122	1.153.334	1.179.547	1.205.759	1.231.971	1.258.183
22	1.098.059	1.125.511	1.152.962	1.180.414	1.207.865	1.235.317	1.262.768	1.290.220	1.317.671
23	1.149.101	1.177.829	1.206.556	1.235.284	1.264.011	1.292.739	1.321.466	1.350.194	1.378.921
24	1.202.582	1.232.647	1.262.711	1.292.776	1.322.841	1.352.905	1.382.970	1.413.034	1.443.099
25	1.258.738	1.290.206	1.321.675	1.353.143	1.384.612	1.416.080	1.447.549	1.479.017	1.510.486
26	1.317.701	1.350.643	1.383.586	1.416.528	1.449.471	1.482.413	1.515.356	1.548.298	1.581.241
27	1.379.612	1.414.102	1.448.592	1.483.082	1.517.573	1.552.063	1.586.553	1.621.044	1.655.534
28	1.444.618	1.480.733	1.516.849	1.552.964	1.589.079	1.625.195	1.661.310	1.697.426	1.733.541
29	1.512.874	1.550.696	1.588.518	1.626.340	1.664.162	1.701.983	1.739.805	1.777.627	1.815.449

SK
 672
 180
 187
 185
 184
 183
 182
 181
 180
 179
 178
 177
 176
 175
 174
 173
 172
 171
 170
 169
 168
 167
 166
 165
 164
 163
 162
 161
 160
 159
 158
 157
 156
 155
 154
 153
 152
 151
 150
 149
 148
 147
 146
 145
 144
 143
 142
 141
 140
 139
 138
 137
 136
 135
 134
 133
 132
 131
 130
 129
 128
 127
 126
 125
 124
 123
 122
 121
 120
 119
 118
 117
 116
 115
 114
 113
 112
 111
 110
 109
 108
 107
 106
 105
 104
 103
 102
 101
 100
 99
 98
 97
 96
 95
 94
 93
 92
 91
 90
 89
 88
 87
 86
 85
 84
 83
 82
 81
 80
 79
 78
 77
 76
 75
 74
 73
 72
 71
 70
 69
 68
 67
 66
 65
 64
 63
 62
 61
 60
 59
 58
 57
 56
 55
 54
 53
 52
 51
 50
 49
 48
 47
 46
 45
 44
 43
 42
 41
 40
 39
 38
 37
 36
 35
 34
 33
 32
 31
 30
 29
 28
 27
 26
 25
 24
 23
 22
 21
 20
 19
 18
 17
 16
 15
 14
 13
 12
 11
 10
 9
 8
 7
 6
 5
 4
 3
 2
 1

Launatafla (716) gildir frá 1. apríl 2026

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	497.234	509.665	522.096	534.527	546.958	559.388	571.819	584.250	596.681
2	512.720	525.538	538.356	551.174	563.992	576.810	589.628	602.446	615.264
3	528.928	542.151	555.375	568.598	581.821	595.044	608.267	621.491	634.714
4	545.898	559.545	573.193	586.840	600.488	614.135	627.782	641.430	655.077
5	563.597	577.687	591.777	605.867	619.957	634.047	648.137	662.227	676.317
6	582.717	597.285	611.853	626.421	640.989	655.557	670.125	684.693	699.261
7	602.793	617.863	632.933	648.003	663.072	678.142	693.212	708.282	723.352
8	623.873	639.470	655.067	670.664	686.261	701.858	717.454	733.051	748.648
9	642.049	658.100	674.152	690.203	706.254	722.305	738.357	754.408	770.459
10	664.852	681.474	698.095	714.716	731.337	747.959	764.580	781.201	797.823
11	688.842	706.063	723.284	740.505	757.726	774.948	792.169	809.390	826.611
12	714.034	731.885	749.735	767.586	785.437	803.288	821.139	838.990	856.841
13	742.250	760.806	779.363	797.919	816.475	835.031	853.588	872.144	890.700
14	775.983	795.382	814.782	834.181	853.581	872.981	892.380	911.780	931.179
15	813.142	833.471	853.799	874.128	894.456	914.785	935.114	955.442	975.771
16	853.317	874.650	895.983	917.316	938.649	959.982	981.315	1.002.648	1.023.981
17	895.324	917.707	940.090	962.473	984.857	1.007.240	1.029.623	1.052.006	1.074.389
18	939.437	962.923	986.409	1.009.894	1.033.380	1.056.866	1.080.352	1.103.838	1.127.324
19	985.847	1.010.493	1.035.139	1.059.785	1.084.431	1.109.077	1.133.724	1.158.370	1.183.016
20	1.034.668	1.060.535	1.086.402	1.112.269	1.138.135	1.164.002	1.189.869	1.215.735	1.241.602
21	1.085.183	1.112.312	1.139.442	1.166.572	1.193.701	1.220.831	1.247.960	1.275.090	1.302.219
22	1.136.491	1.164.904	1.193.316	1.221.728	1.250.140	1.278.553	1.306.965	1.335.377	1.363.790
23	1.189.320	1.219.053	1.248.786	1.278.519	1.308.252	1.337.985	1.367.718	1.397.451	1.427.184
24	1.244.673	1.275.789	1.306.906	1.338.023	1.369.140	1.400.257	1.431.374	1.462.490	1.493.607
25	1.302.794	1.335.364	1.367.934	1.400.503	1.433.073	1.465.643	1.498.213	1.530.783	1.563.353
26	1.363.820	1.397.916	1.432.011	1.466.107	1.500.202	1.534.298	1.568.393	1.602.489	1.636.584
27	1.427.898	1.463.595	1.499.293	1.534.990	1.570.688	1.606.385	1.642.083	1.677.780	1.713.478
28	1.495.179	1.532.559	1.569.938	1.607.318	1.644.697	1.682.077	1.719.456	1.756.836	1.794.215
29	1.565.825	1.604.970	1.644.116	1.683.262	1.722.407	1.761.553	1.800.698	1.839.844	1.878.990

Handwritten notes on a lined notebook page:

- Top right: *m*
- Below *m*: *SK*
- Below *SK*: *AKJ*
- Below *AKJ*: *SS*
- Below *SS*: *idk*
- Below *idk*: *JHI*
- Below *JHI*: *SPB*
- Below *SPB*: *HE*
- Below *HE*: *guy*
- Left side: *6-17*
- Right side (crossed out): *SK*
- Right side (crossed out): *HE*

Launatafla (716) gildir frá 1. apríl 2027

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	520.984	534.009	547.033	560.058	573.083	586.107	599.132	612.156	625.181
2	536.470	549.881	563.293	576.705	590.117	603.528	616.940	630.352	643.764
3	552.678	566.495	580.312	594.129	607.946	621.763	635.580	649.397	663.214
4	569.648	583.889	598.130	612.371	626.613	640.854	655.095	669.336	683.577
5	587.347	602.031	616.715	631.398	646.082	660.766	675.449	690.133	704.817
6	606.467	621.629	636.791	651.953	667.114	682.276	697.438	712.599	727.761
7	626.543	642.207	657.870	673.534	689.197	704.861	720.525	736.188	751.852
8	647.623	663.814	680.005	696.195	712.386	728.576	744.767	760.958	777.148
9	665.799	682.444	699.089	715.734	732.379	749.024	765.669	782.314	798.959
10	688.602	705.817	723.032	740.247	757.462	774.678	791.893	809.108	826.323
11	712.952	730.776	748.599	766.423	784.247	802.071	819.895	837.718	855.542
12	739.025	757.501	775.976	794.452	812.927	831.403	849.879	868.354	886.830
13	768.229	787.435	806.640	825.846	845.052	864.258	883.463	902.669	921.875
14	803.142	823.221	843.299	863.378	883.456	903.535	923.613	943.692	963.771
15	841.602	862.642	883.682	904.722	925.762	946.802	967.843	988.883	1.009.923
16	883.183	905.263	927.343	949.422	971.502	993.581	1.015.661	1.037.740	1.059.820
17	926.660	949.827	972.993	996.160	1.019.326	1.042.493	1.065.660	1.088.826	1.111.993
18	972.317	996.625	1.020.933	1.045.241	1.069.549	1.093.857	1.118.165	1.142.472	1.166.780
19	1.020.351	1.045.860	1.071.369	1.096.878	1.122.386	1.147.895	1.173.404	1.198.913	1.224.421
20	1.070.882	1.097.654	1.124.426	1.151.198	1.177.970	1.204.742	1.231.514	1.258.286	1.285.058
21	1.123.164	1.151.243	1.179.323	1.207.402	1.235.481	1.263.560	1.291.639	1.319.718	1.347.797
22	1.176.269	1.205.675	1.235.082	1.264.489	1.293.895	1.323.302	1.352.709	1.382.116	1.411.522
23	1.230.946	1.261.720	1.292.493	1.323.267	1.354.041	1.384.814	1.415.588	1.446.362	1.477.135
24	1.288.236	1.320.442	1.352.648	1.384.854	1.417.060	1.449.266	1.481.472	1.513.678	1.545.883
25	1.348.392	1.382.101	1.415.811	1.449.521	1.483.231	1.516.941	1.550.650	1.584.360	1.618.070
26	1.411.554	1.446.843	1.482.132	1.517.421	1.552.709	1.587.998	1.623.287	1.658.576	1.693.865
27	1.477.874	1.514.821	1.551.768	1.588.715	1.625.662	1.662.609	1.699.556	1.736.502	1.773.449
28	1.547.511	1.586.198	1.624.886	1.663.574	1.702.262	1.740.949	1.779.637	1.818.325	1.857.013
29	1.620.629	1.661.144	1.701.660	1.742.176	1.782.691	1.823.207	1.863.723	1.904.239	1.944.754

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "GK", "HES", "JHS", "SRB", "HE", and "gla".

Viðauki

Launatöfluauki fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028

Tekinn skal upp launatöfluauki fyrir stéttarfélagið á kjarasamningstímabilinu 2024-2028. Launatöfluauka er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði en honum er ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarfélaga eða starfsmanna.

Samanburðarhópar á almennum markaði eru tilgreindir með bálkum íslenskrar starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF) á tilgreindu tímabili. Launatöfluauki hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir í kjarasamningum. Áhrif launabreytinga í tengslum við útfærslu 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinbers starfsfólks frá árinu 2016, hafa eftir atvikum ekki áhrif til lækkunar á launatöfluauka.

Samanburðarhópar heildarsamtaka

Bera skal saman þróun á launakostnaði þeirra heildarsamtaka ríkisstarfsfólks sem stéttarfélagið á aðild að, við þróun launakostnaðar sambærilegra stétta á almennum markaði. Samanburðarhópar heildarsamtaka eru sem hér segir:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Stétt á almennum markaði
BHM	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
KÍ	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
BSRB	Ríki	45% tæknar og sérmenntaðir (ÍSTARF bálkur 3), 35% þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 15% skrifstofufólk (ÍSTARF bálkur 4) og 5% sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
ASÍ	Ríki	50% verkafólk (ÍSTARF 7,8,9 og stöðutala 0,1) 43% þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 7% iðnaðarmenn (ÍSTARF 7 og stöðutala 2,3)

Viðmiðunartímabil og uppgjör launatöfluauka

Á gildistíma kjarasamningsins skal í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum er desember 2023. Þá skal horft til þróunar tímakaups reglulegra launa (launavísitölu Hagstofu Íslands) á viðmiðunartímabilinu en að undanskildum hækkunum tengdum útfærslu 7 gr. samkomulagsins. Auk þess skal horft til þróunar annars launakostnaðar sem samið er um í kjarasamningi og reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð s.s. hækkun iðgjalda í sjóði, breytinga á vinnufyrirkomulagi eða réttindum.

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launatafla tæki gildi
desember 2023 - desember 2024	1.september 2025
desember 2023 - desember 2025	1.september 2026
desember 2023 - desember 2026	1.september 2027

Handwritten notes and signatures:
 52
 SS
 HES
 JHS
 HT
 SUT
 GTR
 124
 SRS
 HT
 SUT

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt ofangreindu.

Forsenda launatöfluauka

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjors launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

Nefnd um launatöfluauka

Heildarsamtök launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ), Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu skipa hvert um sig einn aðalfulltrúa og einn til vara en ríki tvo og tvo til vara, í nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar mælingum á þróun launakostnaðar á milli markaða. Fulltrúi ríkisins stýrir fundum nefndarinnar en nefndarmaður getur óskað eftir aðkomu og fundarstjórn ríkissáttasemjara og skal verða við því.

Nefndin skal yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers tímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps ríkisstarfsmanna út frá:

1. þróun launavísitölu viðkomandi hóps m.v. þróun launavísitölu samanburðarhóps á almennum markaði að undanskildum áhrifum af útfærslu 7 gr. samkomulagsins
2. þróun annars launakostnaðar á milli markaða sem reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð

Nefndin skal leita eftir samstarfi við stjórnvöld m.a. um söfnun og vinnslu upplýsinga og meta hvort tilefni sé til að endurmeta vogir samanburðarhópa eða taka til skoðunar óvæntar breytingar í launavísitölu sem rekja megí til annarra þátta en launa eða raunverulegs vinnuframlags. Auk þess sem nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reikningur launatöfluauka

Komi í ljós að mæld þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka sé lakari en hjá samanburðarhópnum á almennum vinnumarkaði sbr. framangreinda töflu og mismunurinn er yfir 0,5% skal launatafla skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 80% af mældum mismun. Sé þróunin lakari á síðasta viðmiðunartímabilinu þá fellur niður skilyrði um mismun yfir 0,5% og launataflan skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 90% af mældum mismun þann 1. september 2027. Þessi tilhögun, að bæta aðeins tiltekið hlutfall, er valin í ljósi þess að launaþróun liðins tíma og launaþróun viðkomandi hóps gæti hafa breyst frá því tímabili sem mælingin tekur til. Verði þróunin aftur á móti opinberum starfsmönnum í hag skal ekkert aðhafst.

Ef heildarfjöldi ársverka stéttarfélaga sem eiga rétt á launatöfluauka, í samræmi við skilgreiningar hér að ofan, er undir 80% af heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka skal vigta mismun í þróun launakostnaðar á milli markaða með hlutfalli þeirra ársverka stéttarfélaga sem rétt eiga á launatöfluauka með heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka. Miða skal við ársverk á síðastliðnu almanaksári. Þessi tilhögun sem felur í sér að vigta mismuninn er gerð til að fyrirbyggja ofgreiðslu launatöfluauka sem rekja mætti til þess að hlutfall þess félagsfólks með samþykktan kjarasamning og útgreidda kjarasamningsbundna hækkun væri lágt þannig að verulegt ofmat yrði á mismuni á þróun launakostnaðar á milli markaða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "CPR", "HES", "JHI", "SS", "IB", "SRS", "HE", "SL", and "B".

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		2,70%

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka ef 70% eiga rétt á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Vigtun m.v. hlutfall samþykktra samninga og réttar til launatöfluauka (70%)		2,36%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		1,89%

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "GPZ", "SS", "HES", "JHJ", "IBG", "HE", and "gus".